

Alþingi
Erindi nr. P 138/1609
komudagur 7.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 7. apríl 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (447. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um frumvarp þetta sem felur í sér breytingar á ofangreindum lögum í samræmi við tillögur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og réttarfarsnefndar.

Viðskiptaráð Íslands fagnar tilkomu frumvarps þessa og þeirri einföldun sem það felur í sér á löggjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, en ráðið telur hins vegar að ganga hefði mátt lengra líkt og skýrt verður hér að neðan. Þá er það álit ráðsins að íslenskt atvinnulíf hefði átt að hafa tók á að njóta breytinga frumvarpsins mun fyrr en raun ber vitni. Fjölgun mála fyrir héraðsdómstólum á sviði gjaldþrotabeidna, greiðslustöðvunarbeiðna og nauðasamningsumleitana undanfarin misseri sýnir svo ekki verður um villst að þarft hefði verið að hafa mun hraðari handtök við vinnslu þessa frumvarps. Þannig jókst fjöldi beiðna um gjaldþrotaskipti um 12% í fyrra samanborið við árið áður, fjöldi greiðslustöðvunarbeiðna um 289% og fjöldi nauðasamningsumleitana um 9729%. Það er því von Viðskiptaráðs að frumvarp þetta hljóti skjóta afgreiðslu Alþingis.

I. Heimild til að leita nauðasamninga (7. gr.)

Í 7. gr. frumvarpsins er að finna breytingu í þá veru að ekki verður lengur þarft að afla meðmæla að nauðasamningsfrumvarpi frá fjórðungi atkvæðismanna eftir höfðatölu og er það í samræmi við 2. tillögu réttarfarsnefndar í bréfi nefndarinnar frá 10.9.2009. Verði frumvarpið samþykkt þarf því framvegis einvörðungu samþykki fjórðungs atkvæðamanna eftir kröfufjárhæð.

Að mati Viðskiptaráðs er full ástæða til að ganga lengra í ákvæði þessu og fella jafnframt brott ofangreindan áskilnað um samþykki fjórðungs atkvæðamanna eftir kröfufjárhæð. Að mati ráðsins standa að baki slíkri breytingu sömu rök og réttarfarsnefnd, og raunar frumvarpshöfundar, beita varðandi þær breytingar sem 10. gr. frumvarpsins felur í sér. Kröfuhafar láta hvort eð er í ljós afstöðu sína í garð frumvarps að nauðasamningi með atkvæði sínu undir lok ferlisins og má skuldari gera ráð fyrir að kröfuhafar leggist alfarið gegn frumvarpi hafi það að geyma eitthvað annað en raunhæfa nálgun á mögulega niðurstöðu umleitananna þar sem jafnræðis er gætt meðal kröfuhafa.

Slík breyting væri einnig í samræmi við umfjöllun réttarfarsnefndar í áður nefndi bréfi, en þar sagði: „Því er lagt til að þetta skilyrði verði felld brott og jafnvel kemur til álita að fella með öllu niður áskilnað um að skuldari þurfi að afla meðmæla frá kröfuhöfum til að geta óskað eftir heimild til að leita nauðasamnings. Má hér geta þess til samanburðar að skuldari sem óskar eftir að fá heimild til greiðslustöðvunar þarf ekki með neinum hætti að fá stuðning frá kröfuhöfum til að geta sett fram slíka beiðni.“

Viðskiptaráð leggur til að 7. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hvorki þurfi samþykki fjórðungs atkvæðamanna skv. höfðatölu né kröfufjárhæðum þegar heimildar er óskað til nauðasamningsumleitana.

II. Samþykki frumvarps að nauðasamningi (12. gr.)

Með 12. gr. frumvarpsins er núgildandi fyrirkomulagi samþykkis breytt í þá veru að frumvarp krefst ekki lengur samþykkis sama hlutfalls atkvæða skv. höfðatölu og nemur eftirgjöf skulda skv. frumvarpinu. Þess í stað krefst frumvarp samþykkis 60% atkvæða skv. höfðatölu óháð eftirgjöf skulda, en eftir sem áður þarf frumvarp að hljóta samþykkis sama hlutfalls atkvæða skv. fjárhæð krafna og nemur skuldaeftirgjöf. Er það markmið þessa líkt og segir í bréfi réttarfarsnefndar að „...greiða fyrir því að skuldara sé kleift að fá

frumvarp að nauðasamningi samþykkt“, en nefndin mat það sem svo að þessi breyting gengi ekki of nærri hagsmunum kröfuhafa.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að ekki sé gengið of nærri hagsmunum kröfuhafa þegar kemur að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Vernd hagsmuna þeirra er stór þáttur þess að Ísland og íslensk fyrirtæki geti á ný talist fýsilegur fjárfestingarkostur í náinni framtíð. Að því sögðu er þó ljóst að endurskipulagning lífvænlegra fyrirtækja og slitameðferð þeirra ólífvænlegu þurfa að geta átt sér stað með skilvirkum hætti. Tafir á þessu óumflýjanlega uppgjöri hluta atvinnulífsins yrðu þjóðhagslega óhagkvæmar til lengri tíma litið. Það er því álit ráðsins að ráðuneytið hefði átt að kanna þann kost frekar að binda hlutfall samþykkis skv. fjárhæð krafna við sama eða álíka hámark og samþykki skv. höfðatölu.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin kanni nánar hvort unnt sé að binda hlutfall samþykkis skv. fjárhæð krafna við sama eða álíka hlutfall og samþykki skv. höfðatölu.

III. Forgangur nýs rekstrarfjármagns

Að mati Viðskiptaráðs er ástæða til að kanna nánar hvort unnt sé að færa 4. álitafni AGS með einhverjum hætti inn í frumvarp þetta, en sú tillaga fól í sér að aðgengi fyrirtækja í greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitunum að fjármagni yrði aukið með því að fela slíku fjármagni rétt hæð umfram aðrar kröfur. Það var mat réttarfarsnefndar að hætta væri á að slík heimild yrði misnotuð s.s. með því að nýtt lánsfé yrði notað til að greiða eldri ótryggðar skuldir og eftir staðl krafa fremst í skuldaröð í stað eldri krafna sem ella hefðu notið stöðu í skuldaröð sem almennar kröfur. Lagði nefndin því ekki til neinar breytingar á lögjöfnum í þá veru sem AGS lagði til.

Það er vissulega tilefni til að taka þetta álit nefndarinnar af fullri alvöru enda væru ákvæði gjaldþrotalaga um rétt hæð krafna að engu höfð ef tilvik sem þessi myndu tíðkast. Það má hins vegar velja því upp hvort ekki sé unnt að skilyrða forgang krafna, sem eru tilkomnar undir greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitunum, með þeim hætti að komið sé í veg fyrir misnotkun af þessu tagi. Hér kæmi t.a.m. til álita að hið nýja fjármagn færi í sömu skuldaröð og þær kröfur sem fjármagnið var nýtt til að greiða niður. Í ljósi þess hagræðis, í formi aukins aðgengis að fjármagni, sem ákvæði í þessa væru gætu skapað fyrir fyrirtæki undir fjárhagslegri endurskipulagningu væri í það minnsta bagalegt ef þessi tillaga AGS væri ekki skoðuð nánar.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin kanni fýsileika þess að fjármagn sem fyrirtækjum er veitt undir greiðslustöðvun eða nauðasamningum fái sama forgang og þær kröfur höfðu sem fjármagnið var nýtt til að greiða niður.

IV. Skilvirkari skiptameðferð ólífvænlegra fyrirtækja

Í fyrrnefndu bréfi réttarfarsnefndar telur nefndin ekki tilefni til að endurskoða lögjöfnum í ljósi 6. álitafnis AGS, en þar lagði sjóðurinn til að ferlar við skiptameðferð ólífvænlegra fyrirtækja yrðu eflidir. Sú afstaða nefndarinnar byggði á því að framkvæmdin hingað til hafi almennt gengið greiðlega fyrir sig.

Eins og áður segir skiptir miklu að lífvænleg fyrirtæki geti farið að starfa af heilum hug á ný og að ólífvænleg fyrirtæki verði gerð upp svo skjótt sem kostur er. Því hefði nefndin, og þá um leið frumvarpshöfundar, að mati ráðsins mátt kanna nánar hvort unnt hefði verið að gera bragarbót á öllum ferlum í ljósi aðstæðna síðustu mánaða og komandi missera.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin kanni hvort réttarfarsnefnd sjái færi á því að einfalda og þá hraða skiptameðferð ólífvænlegra fyrirtækja.

V. Skaðabótaábyrgð (16. gr.)

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um bótaábyrgð þeirra sem skylt er að gefa bú félags upp til gjaldþrotaskipta en vanrækja þá skyldu af einhverjum ástæðum. Samkvæmt ákvæðinu bera þeir bótaábyrgð gagnvart kröfuhöfum félagsins hafi vanræksla þeirra dregið úr möguleikum kröfuhafanna að leita fullnustu krafna sinna, nema þeir sanni að „vanrækslan hafi ekki verið þeim saknæm.“

Að mati Viðskiptaráðs er öfug sönnunarbyrði af þessu tagi einkar óæskileg og þá sér í lagi ef horft er til efnahagsumhverfisins síðustu mánuði. Undir þeim kringumstæðum sem ríkt hafa og ríkja munu í rekstrarumhverfi fyrirtækja getur það verið verulegum erfiðleikum háð að taka ákvarðanir um gjaldþrotaskipti og að sama skapi getur það verið nær ómögulegt að færa fram þær sönnur sem krafist er í ákvæðinu. Auk þessa verður ekki séð af greinargerð frumvarpsins að ástæða hafi verið til að hnika frá þeirri viðteknu venju að sá sem krefst skaðabóta verði að sanna að skilyrðum þeirra sé til að dreifa.

Viðskiptaráð leggur til að sakariikindareglan í 16. gr. frumvarpsins verði felld brott og að kröfuhöfum verði falið að færa sönnur á tjón sltt skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

Að ending vill undirritaður áréttu mikilvægi þess að frumvarp þetta hljóti skjóta afgreiðslu á Alþingi. Komi til greina að skoða nánar ofangreindar tillögur verður því að ganga rösklega til verks.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur nefndina jafnframt til að taka ofangreindar athugasemdir til skoðunar.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs